

INNGANGUR

Þann 17. febrúar 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni og Norðurþingi um fyrirhugaða námu (E-26A) í Skurðsbrúnum við Húsavík, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra Húsavík, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfum dags. 27. mars og 14. apríl 2015, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 3. mars 2015, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 9. mars 2015, Minjastofnunar Íslands með bréfi dags. 9. mars 2015 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. febrúar 2015. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 11. mars 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Vegagerðin og Norðurþing fyrirhugi að opna nýja námu í Skurðsbrúnum norðan Húsavíkur, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Bakka. Fyrirhugað er að taka allt að 149.900 m³ af efni úr námu merkt E-26A sem sé allt að 49.900 m² að stærð. Náman verður u.þ.b. 220 m löng og 225 m breið, í grennd við fyrirhugaða háspennulínu (220 kV) sem leggja á frá Þeistareykjavirkjun og Kröflu að Bakka við Húsavík. Í tengslum við efnistöku þarf að leggja 2,8 km langan og 7 m breiðan námuveg frá námunni að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði á Bakka. Námuvegurinn fylgir að mestu fyrirhuguðum línuvegi, sem kynntur var við mat á umhverfisáhrifum háspennulínunnar, og verður því til frambúðar.

Fram kemur að miðað sé við að efnisvinnslan hefjist í byrjun sumars 2015 og líklegt að henni verði lokið eftir 3-5 ár. Mögulegt er að svæðið verði nýtt sem framtíðarnámusvæði fyrir Húsavík, en ákvörðun um það verði tekin síðar. Ef stækka á námuna umfram það sem hér kemur fram verði umhverfisáhrif námunnar metin.

Fram kemur reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og að framkvæmdum loknum verði jaðrar námunnar mótaðir þannig að þeir falli sem best að nánasta umhverfi. Landmótun verði að öðru leyti í samræmi við landslag og halla umhverfis og námubrúnir afrúnnaðar og gerðar sem minnst áberandi. Ofanafýtingu og ónothæfu efni sem fellur til við efnisvinnsluna verði komið fyrir við námustálið og lífrænum jarðvegi jafnað yfir þar sem hann er til staðar. Frágangi verði hagað þannig að sem minnst hætta verði á því að laus jarðvegur fjúki.

Áhrif á núverandi jarðmyndanir. Fram kemur að þær jarðmyndanir sem verða fyrir áhrifum vegna efnistökkunnar séu algengar og njóti ekki verndar og megi telja að áhrif námunnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Áhrif á landslag. Fram kemur að náman sé nálægt fyrirhugaðri háspennulínu og línuvegi. en á áður óröskuðu holti. Þar sem námusvæðið verði ekki sýnilegt frá íbúðarbyggð og í góðri fjarlægð frá Norðausturvegi verði það lítið áberandi á meðan efnistöku stendur. Með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum verði hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á landslag. Stuðlað verði að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vel afmarkaðan efnistökkustað. Leitast verður við að útmörk námunnar falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á

vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan afmarkaðs framkvæmdasvæðis verður óheimill.

Áhrif á gróður. Fram kemur að fyrirhugað námusvæði sé á uppblásnu holti þar sem yfirborðið flokkast ýmist sem ógróinn melur eða fjalldrapamói með beiti- og krækilyngi Gróðurlendið sem efnistakan raskist sé algengt og hafi ekki verndargildi. Efnistaka úr námunni skerði gróður að einhverju leyti og hafi því neikvæð áhrif á gróður en muni ekki raska verðmætu gróðurlendi eða hafa áhrif á útbreiðslu fágætra háplantna eða mosa. Ef lífrænn jarðvegur (svarðlag) finnst ofan á námunni verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota, því í honum er fræforði sem getur spírað og hjálpað til við endurheimt upprunalegrar gróðurþekju. Að lokinni efnisvinnslu verði haft samráð við Umhverfisstofnun um frágang og uppgræðslu á svæðinu. Þar sem námusvæðið er að stórum hluta ógróið, er líklegt að ekki verði sáð í það. Ef ákveðið verður að græða námuna upp, þá verður sáð gróðurtegundum sem skera sig ekki úr umhverfinu.

Áhrif á fugla. Fram kemur að engin hættu sé talin á að fyrirhuguð náma hafi áhrif á tegundir á vástu sem verpa í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði, þ.e. fálka og stormmáfa. Gera megi ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítill áhrif á fuglalíf þar sem þéttleiki á lítt grónu landi er lítill og svæði sem raskast ekki verulegt að flatarmáli. Áhrif á fugla verði á framkvæmdatíma vegna rasks á búsvæðum og hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Til að neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna á fuglalíf verði sem minnst verður reynt að skerða óraskað land sem minnst.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að skráning fornleifa og annarra minja á áhrifasvæði fyrirhugaðra háspennulína að Bakka hafi farið fram á vegum Fornleifastofnunar Íslands sumarið 2007. Náman sé í 100 m fjarlægð frá línustæðinu og því hefur hluti þess verið skoðaður.

Engar fornleifar hafi verið skráðar í grennd við fyrirhugað námusvæði og ekki hafi sést merki fornleifa í yfirborði fyrirhugaðs námusvæðis, en það er að stórum hluta blásið upp. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni því ekki hafa áhrif á fornleifar.

Áhrif á vatnsvernd. Fram kemur að að náman sé líklega staðsett á framtíðar vatnsverndarsvæði við Bakkaá sem skilgreint er í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 og hefur Norðurland hafið vinnu við að fella vatnsvernd á svæðinu niður í Aðalskipulaginu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að náman sé ekki í samræmi við Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030. Óskað hefur verið eftir að Norðurland hefji undirbúning að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Raflínan og þar með línuvegurinn eru á skipulagi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum Norðurlands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra Húsavík, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram það mat að ekki sé ástæða sé til að fella vatnsverndarákvæði niður í skipulagi. Minnt er á nálægð við grannsvæði vatnsbóls Húsavíkur, en það sé ekki óalgengt að einhverjar framkvæmdir fari fram á grann- og

nærsvæðum vatnsbóla. Það sem mestu máli skiptir sé að gera miklar kröfur til verktaka sem vinna innan þessara svæða hvað varðar notkun tækja og mengandi efna á framkvæmdasvæðinu og ítarlega skilmála þar um í útboðsgögnum.

Í umsögninni er bent á að flutningar á efni í brimvörn þurfi að fara í gegnum þéttbýlið um Norðausturveg og Hafnarveg, þótt leiðin sé styttri og ekki í gegnum miðbæinn. Með vísan til þessara miklu flutninga telur HNE nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir þessum flutningum s.s. hvernig að þeim verði staðið, hvers kyns flutningatæki verða notuð, fjöldi bíla daglega og hve langan tíma megi búast við þessum flutningum.

Í bréfi Norðurþings dags. 14. apríl 2015, kemur fram að ákvörðun hafi verið tekin um að vatnsverndarsvæði verði ekki fellt niður vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Skurðsbrúnum. Þess í stað verði settir ítarlegir skilmálar um umferð og meðferð mengandi efna og tímamörk framkvæmda á efnistökusvæðinu í aðalskipulagsbreytingu. Fyrirnefndir skilmálar verði unnir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir notkun námubíla við flutning efnis frá námu að iðnaðarsvæðinu á Bakka og þurfa þeir því aðeins að þvera Norðausturveg á einum stað. Efnisflutningar að hafnarsvæði munu fara fram með venjulegum efnisflutningabílum og gert ráð fyrir að ferðir frá námunni með grjót til hafnarinnar verði um 5.100 talsins. Framkvæmdatími er áætlaður á árunum 2015-2017 en nái hámarki á árinu 2016. Flutningar verða allan ársins hring en miðað við að þeir verði aðallega á virkum dögum.

Í umsögn Landgræðslunnar kemur fram það mat að um helmingur fyrirhugaðs námusvæðis og vegstæðis sé gróinn og er Landgræðslan því ósammála því mati framkvæmdaraðila að framkvæmdir hafi engin eða óveruleg áhrif á gróður. Landgræðslan telur því að kanna eigi betur hversu mikil gróðurlendi tapist við fyrirhugaða framkvæmd og að til mótvægis sé við hæfi að græða upp annað svæði sem næmi þreföldu flatarmáli þess gróðurlendis sem muni tapast. Landgræðslan er fús til að veita ráðgjöf og aðstoð við frágang og uppgræðslu á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að til standi að græða upp um 5 ha innan bæjargirðingar Húsavíkur til mótvægis við þann gróður sem tapast vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Uppgræðslan verði unnin í samráði við Landgræðsluna og Norðurþing.

Í umsögn Minjastofnunar eru tilgreindar fimm fornminjar sem þörf sé á að staðsetja nákvæmlega með GPS mælingu og við tvær af fyrirnefndum fornleifum sé þörf á að grafa könnunarskurði til að kanna gerð og aldur. Einnig sé nauðsynlegt að fornleifafræðingur skoði þann hluta efnistökusvæðisins sem er utan rannsóknarsvæðis sem skoðað var í tengslum við háspennulínuna. Komi fornleifar í ljós mun Minjastofnun Íslands ákveða til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar við framkvæmdir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þó fallið verði frá efnistöku á Grásteinsheiði ætti samt að fjarlægja grjótlager sem þar er og nýta á við sömu framkvæmdir og efni í Skurðsbrúnum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að grjótlagerinn verði fjarlægður og notaður við brimvarnir á Húsavík.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýja námu í Skurðsbrúnum norðan Húsavíkur, þar sem sækja á efni vegna fyrirhugaðra framkvæmda á iðnaðarsvæðinu á Bakka og hafnarframkvæmda á Húsavík. Í tengslum við efnistöku þarf að leggja 2,8 km langan námuveg frá námunni að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði á Bakka. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka muni hafa nokkuð neikvæð sjónræn áhrif á rekstrartíma námunnar vegna staðsetningar og umfangs. Einnig megi gera ráð fyrir talsverðri truflun af völdum efnisflutninga á framkvæmdatíma sérstaklega vegna efnisflutninga að hafnarsvæði þar sem um er að ræða yfir 5000 ferðir flutningabíla.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið verði eftir þeim áformum sem sett eru fram í greinargerð, um frágang svæðis meðan á vinnslu standur og í verklok til þess að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til frambúðar. Ennfremur leggur stofnunin áherslu á að vel verði staðið að uppgræðslu til mótvægis við þann gróður sem tapast vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fuglalíf verði fremur lítil og bundin við framkvæmdatíma.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að farið verði að tilmælum Minjastofnunar Íslands um mótvægisáðgerðir á meðan á framkvæmdum standur og um rannsóknir vegna fornminja á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda eins og framkvæmdaraðili hefur gefið fyrirheit um.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu auk umsagna. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að að ný náma, E-26A í Skurðsbrúnum í Norðurþingi og námuvegur séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að efnistakan er háð framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Vinna er hafin við breytingu á Aðalskipulagi Norðurþings vegna fyrirhugaðrar efnistöku.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin, Norðurþing og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. maí 2015.